

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að greina þróun gjaldskráa velferðarsviðs

Lagt er til að velferðasviði verði falið að greina þróun gjaldskráa með tilliti til kostnaðarþróunar og annarra viðkomandi þátta.

Greinagerð

Gjaldskrár velferðarsviðs hafa bein áhrif á þann kostnað sem notendur þjónustunnar bera og mikilvægt er að breytingar á þeim séu gagnsæjar, málefnalegar og í eðlilegu samhengi við þróun kostnaðar við að veita þjónustuna.

Með tillögunni er lagt til að tekin verði saman þróun gjaldskráa sviðsins undanfarin ár og hún borin saman við almenna verðlags- og kostnaðarþróun sem og þróun kostnaðar við viðkomandi þjónustu eftir því sem gögn leyfa. Jafnframt verði skoðað hvort gjaldskrár hafi þróast með sambærilegum hætti milli þjónustupátta og hvort breytingar á gjaldtöku hafi leitt til þess að hlutur notenda í kostnaði við þjónustuna hafi aukist eða minnkað.

Markmiðið er að skapa skýrari yfirsýn yfir forsendur gjaldtöku velferðarsviðs og tryggja að ákvarðanir um gjaldskrár byggist á traustum upplýsingum um raunverulega kostnaðarþróun. Slík greining getur jafnframt nýst við framtíðarendurskoðun gjaldskráa og stuðlað að auknu gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir notendur þjónustunnar.